

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022, svæði utan fiskimjölsverksmiðju.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að iðnaðarsvæði fiskimjölsverksmiðju í austurhluta þéttbýlisins Fáskrúðsfjörður stækkar um 60 m í austur, þar sem nú er óbyggt svæði. Einnig stækkar hverfisverndarsvæði við franska kirkjugarðinn til vesturs að mörkum iðnaðarsvæðisins.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Austurbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 13. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.